



Áveitan

8. tbl. 13. árgangur. Ágúst 2019

Flóaskóli - skólasetning 22. ágúst

Flóaskóli verður settur **fimmtudaginn 22.**

ágúst. Nemendur mæta í Þjórsárver kl.

11.00 og halda að því loknu með

umsjónarkennara í heimastofu. Formlegt

skólahald hefst samkvæmt stundaskrá föstudaginn 23. ágúst.

Skólaakstur hefst einnig þann dag. Nemendur í 1. bekk verða boðaðir

ásamt foreldrum/forráðamönnum í viðtal hjá umsjónarkennara

miðvikudaginn 21. ágúst.



Skólavistun fyrir nemendur í 1. – 4. bekk opnar mánudaginn 12. ágúst

og er hún opin alla daga fram að skólasetningu kl. 8.00 – 16.30.

Foreldrar sem óska eftir vistun fyrir barn sitt/börn sín þá daga hafi

samband við Flóaskóla, netfang floaskoli@floaskoli.is.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að mæta með börnum sínum á skólasetningu.

Skólastjóri

UPPSKRIFTARHORNID

Takk Aldís fyrir að hugsa svona fallega til mín og skora á mig! En uppskriftin sem ég ætla að kynna fyrir ykkur hér í dag fékk ég frá Laufey mágkonu minni. Hún eldaði þetta einhvern tíman fyrir okkur í Kotinu þegar kallarnir voru ekki í mat og er þetta orðið mjög vinsælt heima hjá mér.

Það sem þarf til er:

Mangó-chutney

Ritzkex (mulið)

Fetaostur

Spínat (fersk eða frosið, en auðvitað íslenskt)

Sætar kartöflur

Kartöflur

Nauta-, lamba- eða folaldakjöt eða kjúklingur. Jafnvel hakk; bara það kjöt sem til er í kistunni og manni finnst gott

Fyrst þarf að skera niður sætar kartöflur í annað hvort sneiðar eða bita, bara eins og manni finnst best. Ég tek alltaf 1 sæta kartöflu fyrir okkur saman en ef það eru margir vinnandi menn í mat, þá bæti ég bara venjulegri kartöflu við. Þetta fer allt saman í eldfast mót með smá salti og pipar og dass af olíu. Þá má þetta malla í ca. 20 mínútur í ofninum á 180°- tíminn fer aðeins eftir því hvað kartöflurnar eru skornar í stóra bita og hversu miklu er troðið í mótið.

Á meðan þetta er í ofninum má skera kjötið í bita og steikja á pönnu. Það þarf ekki að krydda þetta mikið þar sem mangó-chutney sósan fer á þetta. Ef við erum bara að tala um mat fyrir 3 einstaklinga þá er gott að setja eina krukku af mangó-chutney en gott að bæta við ef það eru fleiri. Þegar kartöflurnar eru búnar með sínar 20 mínútur inni í ofninum (passar yfirleitt mjög vel miðað við steikingatímann á kjötinu), þá fer þetta saman við í eldfast mót.

Ofan á þetta fer svo spínatið (ef það var frosið þá þarf helst að afþýða það fyrst), því næst er fetaosturinn settur yfir réttinn, magnið er bara eftir smekk hvers og eins. Að lokum er Ritz-kex mylsnan sett ofan á allt saman. Það er gott að loka mótinu (með t.d. álpappír) og setja aftur í ofninn í 10-15 mínútur.

Gjörðu svo vel og Guten Appetit!

Skora næst á Kristínu Lilju að kynna eitthvað gott fyrir okkur.
Cathy í Egilsstaðakoti



Síðsumars-kósý-kakó-teppa-tónleikar verða haldnir í falletum lundi steinsnar frá Selfossi þann 17. ágúst næstkomandi.

Fram koma ungir og efnilegir tónlistarmenn úr heimabyggð en nánari dagskrá verður auglýst síðar.

Takið með ykkur teppi og njótið tónlistar undir berum himni í sveitasælu með kakó, hvítt og kósýheit við hönd.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Nánari staðarlýsing:

Halakot 14, sumarbústaðahverfi, í grennd við Litla-Ármót 8 km austan við Selfoss.

Úrslit af íþróttamótum

Unnsteinn Reynisson keppti á 93. meistaramót Íslands sem fór fram þann 13. júlí á Laugardalsvelli. Unnsteinn keppti í hástökki og setti persónulegt met. Hann stökk 1,77m og endaði í 9. sæti.

Unglingamót HSK fór fram 23. júlí á Selfossi. Þjótandi átti fjóra keppendur sem allir stóðu sig frábærtlega og voru nokkur met slegin. Þjótandi endaði í 3. sæti í heildarstigakeppninni með mjög góðum árangri.

Unnsteinn Reynisson	'03	100m hlaup	13,04 sek	3. sæti
		Hástökk	1,70m	1. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	Hástökk	1,40m	1. sæti
		Langstökk	5,00m	1. sæti
		Kúlúv.(6kg)	9,84m	1. sæti
		Kringluk.(1,75kg)	25,81m	1. sæti
		Spjót.(800gr)	30,56m	1. sæti
Elías Örn Jónsson	'03	100m hlaup	13,33 sek	4. sæti
		Langstökk	4,87m	3. sæti
		Kúlúv.(5kg)	8,64m	3. sæti
Hugi Snær Jónsson	'01	Langstökk	4,52m	2. sæti
		Kúlúv.(6kg)	7,54m	2. sæti

Nokkrir keppendur úr Umf. Þjótanda kepptu á Unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina. Nánar verður sagt frá þeirra árangri í næstu Áveitu.

**Framræsingar
Fyllingar
Upphreinsanir
Efnisflutningar
Ýmis önnur jarðvinna**

Fossandi ehf. S:895-3437

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisevao@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

“Sá ég spóa...” heldur áfram í ágúst

Ágæt þátttaka hefur verið í útivistarverkefninu okkar það sem af er sumri. Nú er einn mánuður eftir en verkefninu lýkur 1. september.

Eins og áður hefur komið fram eru sex staðir tilnefndir sem áfangastaðir í verkefninu. Á hverjum stað er staðsettur einhverskonar póstkassi og staur. Í póstkassanum er gestabók og skriffæri. Þar skrifa allir viðstaddir nöfnin sín og ganga svo frá öllu aftur.

Þann 1. september verður öllum gestabókunum safnað saman aftur. Nöfn þeirra sem hafa ritað í a.m.k. fimm bækur komast í pott. Dreginn verður út einn vinningshafi sem fær veglegan vinning, kayakferð fyrir fjóra í Róbison Krúsó ferð hjá Kayakferðum Stokkseyri.

Við birtum hér aftur leiðarlýsingarnar, búið er að leiðrétta eitt atriði sem var ekki rétt en það var vinstibeygja sem á að taka í Rútsstaðahverfinu. Nú er um að gera að reima á sig gönguskóna og arka á alla staðina sex í ágúst.

Stjórn Umf. Þjótanda

Áfangastaðir



Heimsókn til álfa í Rútsstaðahverfinu?

Bílum lagt við afleggjarann að Rútsstaðahverfinu. Ef ekið er niður Gaulverjabæjarveg er afleggjarinn á vinstri hönd mitt á milli afleggjaranna að Hraunholti og Hófgerði. Gengið eftir veginum inn í hverfið þar til hann beygir til hægri. Ef horft er út í móann á vinstri hönd má sjá Lambahelli og þar er póstkassinn. Hellirinn var áður notaður sem fjárhús og þá lágu hlaðin göng að opinu sunnanverðu. Hellirinn var þá heill og lokaður að norðanverðu en hleðslan er nú hrunin. Um 900m gangur er að hellinum. Ýmsa kletta og álagahóla má sjá á þessu svæði t.d. Lambhól, Karlshól, Strokkhóll og Rugghóll. Sunnan við beygjuna á veginum má svo sjá Kringlóttutjörn en hún er sögð botnlaus. Lesa má betur um öll þessi örnefni í bókinni *Landið, fólkíð og þjóðtrúin*. Við hvetjum fjölskyldur til þess að loka vel öllum hliðum á eftir sér þar sem mikið er af hrossum á svæðinu.

Fljótshólar, þar sem áin og hafið mætast

Þjórsá er lengsta á landsins, 230km löng. Við Fljótshóla rennur áin út í sjó og má því segja að vatnið í ánni eigi langt ferðalag að baki. Ekinn er afleggjarinn að Fljótshólum. Áður en komið er heim á hlað er beygt út af veginum til hægri og ekinn sandslóði þar til komið er að girðingu. Bíllinn er geymdur þar og gengið sem leið liggur í átt að ánni. Eftir rúmlega 500 metra göngu ætti póstkassinn að sjást. Þeir sem vilja geta gengið alveg að ósnum. Athugið að sjávarfalla gætir á staðnum.

Ekki vola við Vola

Ekinn afleggjarinn að Hróarsholti þangað til kemur að malarplani rétt austan við íbúðarhúsið í Hróarsholti. Bílnum lagt þar og gengið í gegnum stórt járnhlið nálægt afleggjaranum að Brekkuhúsum og Hróarsholtsklettum. Þar er gengið með fram girðingunni sem liggur með afleggjaranum að Brekkuhúsum og síðan beygt til hægri eftir uppgrónum traktorsslóða sem liggur niður að Hróarsholtslæk/Vola þar sem finna má póstkassa. Líkur eru á því að nokkrar hressar kríur fylgi ykkur hluta leiðarinnar svo gott er að taka með sér prik til að halda fyrir ofan haus. Engar áhyggjur, kríurnar elta ykkur ekki á leiðarenda. Gangan er um 900m samtals fram og til baka.

Stefnumót við fortíðina í Dælarétt

Dælarétt er ævafornt fjárrétt í landi Heiðarbæjar. Hún er talin elsta rétt landsins og var helsta skilarétt svæðisins. Síðast var réttað þar 1970 en nú hefur Dælarétt verið friðlýst. Þar sem réttin telst til fornminja má ekki raska neitt við réttinni eða færa til steina. Úti í móanum vestur af réttinni er hægt að sjá um tveggja metra breiða sprungu sem opnaðist í jarðskjálftanum árið 2000. Hægt er að aka alveg að réttinni, en mælt er með að fólk taki sér göngutúr og skoði svæðið í kring.

Skógarferð á Stóra-Ármóti

Ekið er heim á hlað á Stóra-Ármóti og bílnum lagt við fjósið. Gengin er malarborinn traktorsslóði sem liggur til vesturs frá fjósinu og beygir svo til hægri í átt að Ölfusá. Af honum er beygt til hægri eftir moldargötu sem liggur beint að skógræktargirðingunni. Einhversstaðar í skógræktinni má finna póstkassann. Tilvalið er að borða nesti í skóginum og skoða sig um. Árið 1979 gáfu systkinin á Stóra-Ármóti, Jón, Ingileif og Sigríður Árnabörn Búnaðarsambandi Suðurlands jörðina með því skilyrði að þar yrði stundaður búskapur og rannsóknir í þágu sunnlenskra bænda. Ingileif gaf sambandinu auk þess myndarlega peningaupphæð síðar, til skógræktar á Stóra-Ármóti sem sambandið kom svo upp.

Glens og gaman í Einbúa

Einbúi er útivistarsvæði Umf. Þjótanda og þess vegna upplagt að hafa hann með í útivistarverkefninu. Fyrir börnum er gangan upp á hæsta topp Einbúans sannkölluð fjallanga og ýmislegt hægt að leika sér. Póstkassinn er staðsettur einhversstaðar á svæðinu, hver er fundvísastur í fjölskyldunni? Upplagt er að taka með sér fótbolta, flugdreka eða annað dót í Einbúa, að ógleymdu góðu nesti.

Til að komast að Einbúa er beygt til hægri undir klettunum rétt áður en komið er að hlaðinu í Oddgeirshólum. Þar sem vegurinn greinist í tvennt er beygt aftur til hægri og þá endar maður á réttum stað. Gætið að því að loka öllum hliðum.

Góða skemmtun!

Flóamótið

Flóamótið verður haldið venju samkvæmt í lok ágúst eða byrjun september.

Mótið er jafnan haldið strax að loknum skóladegi og stendur til ca 16. Keppt er í 60 m hlaupi, langstökki, kúluvarpi, skutlukasti og 400 m hlaupi.

Í mótslok býður félagið upp á grillaðar pylsur fyrir alla viðstadda. Nánar auglýst síðar.

Umf. Þjótandi



Dagskrá mánaðarins

Leikjaskvöld	8. ágúst
Íþróttæfing	14. ágúst
Leikjaskvöld	15. ágúst
Teppatónleikar	17. ágúst
Skólasetning Flóaskóla	22. ágúst
Útivistarverkefninu Lýkur	1. september



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160